

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur og Birni Leví Gunnarssyni um skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum frá alþingismönnum.

1. *Hvert er ferlið í ráðuneytinu þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars? Hvernig er það skráð í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins?*

Eftirfarandi er ferlið í ráðuneytinu fyrir fyrirspurnir frá alþingismönnum þar sem óskað er skriflegs svars:

- Skjalasafn stofnar mál og sendir skrifstofustjóra skrifstofunnar, sem fyrirspurn Alþingis beinist að, fyrirspurnina um leið og hún berst ráðuneytinu með afrit á verkefnastjóra á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga og aðstoðarmenn ráðherra. Skrifstofustjóri útdeilir verkefninu til starfsmanns og breytir ábyrgðaraðila í málaskrá. Skrifstofustjóri getur gefið fyrimæli um að tilteknir málaflokkar séu skráðir beint á viðkomandi sérfræðing.
- Verkefnastjóri á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga færir upplýsingar um fyrirspurn inn í yfirlit yfir fyrirspurnir sem vistað er á Teams-svæði fyrir þingfyrirspurnir.
- Ábyrgðaraðili semur drög að svari og vistar drög á Teams-svæðinu. Þegar drögin hafa verið samþykkt af skrifstofustjóra eru þau færð í möppu fyrir aðstoðarmenn ráðherra á sama Teams-svæði til yfirlstrar. Drög að svari skulu tilbúin sem fyrst þannig að tryggt sé að ráðherra og aðstoðarmaður hans/hennar hafi tíma til yfirlstrar og endurbóta. Gera skal ráð fyrir að ráðherra þurfi a.m.k. þrjá daga til að fara yfir svarið.
- Ábyrgðaraðili tilkynnir aðstoðarmönnum ráðherra með afriti á verkefnastjóra á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga og skrifstofustjóra þegar drög eru tilbúin. Aðstoðarmaður ber drögin undir ráðherra og gerir breytingar eftir þörfum. Þegar aðstoðarmaður ráðherra hefur tilkynnt ábyrgðaraðila og skrifstofustjóra að svarið sé samþykkt tilkynnir ábyrgðaraðili það verkefnastjóra á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga.
- Samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis skal svara skriflegri fyrirspurn innan 15 virkra daga. Takist ekki að svara fyrirspurninni innan 15 virkra daga skal ábyrgðaraðili tilkynna það til verkefnastjóra á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga sem gerir forseta Alþingis skriflega grein fyrir að það verði seinkun á svari, gefur upplýsingar um ástæður þess og hvenær svars megi vænta.
- Verkefnastjóri á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga útbýr lokaútgáfu skjals og sér um að koma svarinu á tölvutæku formi á: skjalavinnsla@althingi.is, thingfundaskrifstofa@althingi.is og skjalasafn@althingi.is og jafnframt afriti á ábyrgðaraðila, skrifstofustjóra, aðstoðarmenn og verkefnastjóra yfirstjórnar.
- Þegar svar hefur verið sent úr málinu sér ábyrgðaraðili um að loka máli.

Fyrirspurnir frá Alþingi eru skráðar í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins með eftirfarandi hætti:

Beiðni um skriflegt svar við fyrirspurn frá Alþingi berst í pósthólf ráðuneytisins. Skjalastjóri býr til nýtt mál í videigandi málasmíðmáti í málaskrá ráðuneytisins. Í málasmíðmátið eru

forskráðar upplýsingar um tímafrest, starfsfólk sem skráð er á allar þingfyrirspurnir og mála-lykil. Ábyrgðaraðili er skráður á málið (ýmist skrifstofustjórar eða sérfræðingar viðkomandi málaflokks). Fyrirspurnin er sett inn á málið og öllu starfsfólki sem skráð er á málið send tilkynning.

2. *Hversu langur tími leið að jafnaði undanfarin þrjú ár frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Innviðaráðuneytið var stofnað 1. febrúar 2022 og miðast svarið við tímabilið frá stofnun ráðuneytisins til 11. apríl 2024 þegar fyrirspurninni var útbýtt. Svarið er sundurliðað í meðfylgjandi töflum eftir löggjafarþingum, fyrirspyrjendum og fjölda daga að meðaltali. Rétt er að nefna að um er að ræða heildarfjölda daga frá því að fyrirspurn var útbýtt og þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar, þ.m.t. helgar og lögbundnir frídagar. Í einhverjum tilvikum hafði verið óskað eftir fresti til að skila skriflegu svari.

Löggjafarþing	Þingmaður	Fjöldi daga
152	Andrés Ingi Jónsson	48
152	Ásthildur Lóa Þórsdóttir	81
152	Berglind Ósk Gunnarsdóttir	22
152	Bergþór Ólason	53
152	Birgir Þórarinsson	119
152	Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir	68
152	Björn Leví Gunnarsson	48
152	Diljá Mist Einarsdóttir	50
152	Guðmundur Ingi Kristinsson	41
152	Halla Signý Kristjánsdóttir	64
152	Helgi Héðinsson	28
152	Hilda Jana Gísladóttir	53
152	Jódís Skúladóttir	67
152	Kjartan Magnússon	63
152	Lilja Rafney Magnúsdóttir	30
152	Líneik Anna Sævarsdóttir	183
152	Teitur Björn Einarsson	10
152	Þorgerður K. Gunnarsdóttir	20
152	Þorgrímur Sigmundsson	48

Löggjafarþing	Þingmaður	Fjöldi daga
153	Andrés Ingi Jónsson	68
153	Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir	32
153	Ágúst Ingi Jónsson	58
153	Ásmundur Friðriksson	106
153	Ásthildur Lóa Þórsdóttir	85
153	Bergþór Ólason	43
153	Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir	37
153	Björn Leví Gunnarsson	53
153	Bryndís Haraldsdóttir	35
153	Diljá Mist Einarsdóttir	23
153	Eydís Ásbjörnsdóttir	24
153	Gísli Rafn Ólafsson	36
153	Guðmundur Ingi Kristjánsson	83
153	Guðrún Hafsteinsdóttir	23
153	Halla Signý Kristjánsdóttir	71
153	Hanna Katrín Friðriksson	84
153	Helga Vala Helgadóttir	76
153	Helgi Héðinsson	36
153	Hildur Sverrisdóttir	35
153	Indriði Ingi Stefánsson	44
153	Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir	38
153	Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir	158
153	Jódís Skúladóttir	28
153	Jóhann Páll Jóhannsson	33
153	Kristrún Frostadóttir	202
153	Lilja Rafney Magnúsdóttir	44
153	Líneik Anna Sævarsdóttir	41
153	Logi Einarsson	83
153	Teitur Björn Einarsson	61
153	Vilhjálmur Árnason	41
153	Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir	88

Löggjafarþing	Þingmaður	Fjöldi daga
154	Ágúst Bjarni Garðarsson	26
154	Ásthildur Lóa Þórsdóttir	35
154	Björn Leví Gunnarsson	141
154	Bryndís Haraldsdóttir	33
154	Diljá Mist Einarsdóttir	98
154	Eyjólfur Ármannsson	44
154	Gísli Rafn Ólafsson	84
154	Indriði Ingi Stefánsson	36
154	Ingibjörg Isaksen	72
154	Jódís Skúladóttir	52
154	Logi Einarsson	61
154	Njáll Trausti Friðbertsson	34
154	Steinunn Þóra Árnadóttir	106
154	Teitur Björn Einarsson	42
154	Vilhjálmur Árnason	53

3. *Hvaða aðilar í ráðuneytinu sjá um vinnslu skriflegra svara, frágang þeirra, yfirllestur og sendingu til forseta Alþingis? Hversu langan tíma tók hvert þessara skrefa að jafnaði undanfarin þrjú ár? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Flest starfsfólk ráðuneytisins kemur með einhverjum hætti að vinnslu skriflegra svara, frágangi þeirra, yfirllestri og/eða sendingu þeirra til forseta Alþingis, sbr. svar við 1. lið fyrirspurnarinnar.

- Skjalastjóri skráir þingfyrirspurnir í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins og upplýsir starfsfólk eins og við á.
- Skrifstofustjóri viðkomandi málaflokks stýrir því hvaða starfsfólk útbýr svör hverju sinni og samþykkir lokadrög að svörum áður en þau eru send aðstoðarmönnum ráðherra.
- Sérfræðingar í þeim málaflokkum sem fyrirspurnin beinist að sjá um að undirbúa skrifleg svör. Í sumum tilfellum þarf aðkomu fleiri en eins sérfræðings.
- Þegar drög að skriflegum svörum eru útbúin er gjarnan þörf á frekari aðkomu annars starfsfólks en viðkomandi sérfræðinga, svo sem rekstrarstjóra ef spurt er um kostnað og upplýsingafulltrúa eða skrifstofustjóra ef samræma á forsendur svara á milli ráðuneyta.
- Verkefnastjóri á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga sér um umsýslu vegna þingfyrirspurna, svo sem skráningu í yfirlit yfir þingfyrirspurnir og samskipti við Alþingi, starfsfólk ráðuneytisins, stofnana og annarra sem koma að vinnslu fyrirspurnarinnar.
- Verkefnastjóri yfirstjórnar er aðstoðarmönnum ráðherra og ráðherra innan handar eftir þörfum.
- Ráðuneytisstjóri, aðstoðarmenn ráðherra og ráðherra lesa yfir fyrirspurnir og samþykkja fyrir sitt leyti.
- Loks má nefna að í sumum tilvikum beinast fyrirspurnir einnig að stofnunum ráðuneytisins og í þeim tilvikum koma yfirlitt a.m.k. þrjú í hverri stofnun að verkefninu, þ.e. þau sem taka við fyrirspurninni og skrá í skjalastjórnunarkerfi viðkomandi stofnunar, þau sem útbúa drög að svari og loks yfirmaður sem samþykkir drögin sem send eru ráðuneytinu.
- Þannig má áætla að allt frá 6 til 30 einstaklingar og jafnvel fleiri geti komið að vinnslu skriflegs svars, frágangi þess, yfirllestri og sendingu til forseta Alþingis, allt eftir umfangi viðkomandi fyrirspurnar.

Ekki er haldið sérstaklega utan um hve langan tíma hvert skref tekur og getur ráðuneytið því ekki upplýst um það. Athygli er þó vakin á því að fyrirspurnir eru mjög misumfangsmiklar og eru allt frá því að þeim sé hægt að svara á mjög skömmum tíma með einföldum hætti í að vera mjög viðamiklar og krefjast aðkomu margra aðila og/eða gagnaöflunar.